

200. fundur stjórnar LSS haldinn þriðjudaginn 07.09 2010 kl. 18:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, SB, IGG, JS, BKr, VLF.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sp.

2. Inntaka nýrra félaga

Engin umsókn.

3. Breytingar á skrifstofu

Sigurlaug Indriðadóttir hætti störfum 1. september eftir rúmlega 11 ára starf á skrifstofunni fyrir félagið. Nýr starfsmaður, Guðrún Hilmarsdóttir tók til starfa 25. ágúst í 55% starfshlutfalli.

4. Verkaskipting stjórnar

Samþykkt að IGG verði áfram gjaldkeri og að EK verði ritari.

5. Stjórnarfundir í vetur

Samþykkt tillaga um að breyttan fundartíma. Í stað kl. 18:00, annan fimmtudag í mánuði verða fundirnir kl. 13:00, annan miðvikudag í mánuði. Næstu fundir verða; 13. október, 10. nóvember og 8. desember. Á næsta fund verða allir varamenn boðaðir, stjórnin ljósmynduð og farið út að borða. Þar verður Sigurlaug hvödd formlega og Guðrún boðin velkomin til starfa.

6. Kjarasamningaviðræður

LN, SNR, Isavia

Kjarasamningaviðræðum við LN lauk 20. ágúst með „innanhúss“ tillögu frá Ríkissáttasemjara. Sá samningur var samþykktur með 51% atkvæða (47% á móti, 2% auðir og óg.). Viðræður við SNR eru í gangi og næsti fundur verður 14. sept. Þeir tilkynntu ætlun sína að athuga með hvort heilbrigðisráðuneytið hyggist sameina sjúkraflutninga og B.A. SNR vill þá breytingu. Samningafundir eru í gangi með Isavia.

7. Orlofsmál

Orlofshúsaforritið Frímanna er tilbúið og verður gangsett 13. september.

Ákveðið að búa til aðgangsorð fyrir félagsmenn með því að nota [REDACTED]. Til að byrja með verður allur veturinn opinn fyrir pantanir og reynslan látin ráða með framhaldið á vetrarútleigu. Orlofsnefndin keypti 4 reiðhjól fyrir íbúðina á Akureyri. Ákveðið að athuga með möguleg kaup á neðri hæð í Skálatúni 33 á Akureyri.

8. Kjarasamningaviðræður við LN í nóvember

Fundur formanna BSRB verður haldinn næstu tvo daga í Munaðarnesi. Þar mun m.a. liggja fyrir tillaga um samvinnu í næstu kjarasamningagerð. Umræður um neikvæða reynslu af samvinnu við [REDACTED] síðasta sumar.

Þann 13. sept verður fundur með Brunamálastjóra og fl. um Heilsufarsstefnuna sem um getur í bókun I í nýjum kjarasamningi við LN. Vinna vegna Bókun II hefst upp úr 20. sept. Vinna í gangi hjá BSRB og ríkinu um að skilgreina „vaktavinumenn“.

Ákveðið að allir sérsamningar sem starfsmenn (deildir) gera á sínum vinnustöðum öðlast ekki gildi nema eftir samþykki stjórnar LSS.

9. Akureyri

-Frítaka. Bæjarstjórn, bæjarstjóra, starfsmannastjóra og slökkviliðsstjóra Akureyrar var sent bréf um að LSS myndi setja frítökuréttindi starfsmanna til innheimtu 25. ágúst. Nýr bæjarstjóri svaraði strax daginn eftir og óskaði eftir frest til að vinna í málinu. Svar á að berast 9. sept.

10. Rauði haninn

Ferðin tókst vel. 70 manns fóru á vegum LSS.

11. Önnur mál:

- a) Eldvarnavikan verður ca. 19. nóvember.
- b) Lög um brunamál vætanlega afgreidd í otóber á alþingi.
- c) Eldvarnabandalag hefur verið myndað af ; Brunamálastofnun, Brunabót, Félag slökkviliðsstjóra, LSS, Landsbjörg, SHS, TM, VÍS, Sjóvá og Vörður tryggingaféla. Tilgangurinn er átak í eldvarnamálum.
- d) Fulltrúaráðsfund Stefnt að honum 10. nóvember eftir stjórnarfund.
- e) Drög að reglugerð fyrir öryggismál á flugvöllum eru neikvæð.
- f) Styrkir til deilda. Ákveðið að leggja niður reikninga deilda og greiða frekar kostnaðarreikninga fyrir salarleigu og þóknun fyrir unnin störf t.d fundarsetu.
- g) Dreifibréf landlæknis. SB fer yfir bréf frá Landlækni um: „Heimild til að starfa sem heilbrigðisstarfsmaður hér á landi.“ Þar eru tekin af öll tvímæli um að einungis löggiltir heilbrigðisstarfsmenn megi sinna heilbrigðisstörfum þ.m.t. sjúkraflutningum. Undanþáguheimildir eru hertar.

Fundi slitið: 20:25